



Niðurgreiðsla á skólaakstri framhalds- og háskólanema

170 fundur fræðsluráðs 06.02.2013

8. 201210041 - Niðurgreiðslur á skólaakstri framhalds- og háskólanema
Með fundarboði fylgdi minnisblað um stöðu almenningssamgangna á svæðinu og þær ábendingar sem komið hafa fram í tengslum við þær. Ljóst er að tímasetningar eru óhentugar fyrir nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga og jafnframt hafa miklar breytingar orðið á verðskrá.

Fræðsluráð leggur til að mánaðarkort, þriggja mánaða kort og níu mánaða kort verði greidd niður um 30% fyrir nemendur 18 ára og eldri í fullu framhalds- og háskólanámi á Akureyri. Ekki verður greitt fyrir kort fyrir nemendur í Menntaskólanum á Tröllaskaga enda kemur Dalvíkurbyggð að beinni niðurgreiðslu á þeim ferðum.

Samþykkt á 224. fundi bæjarstjórnar 26.02.2013